

Plöntugreining

Verkfæri og áhöld: Greiningarblöð (sjá neðar), hörð spjöld með klemmu til að hafa greiningarblöðin á, litaspjöld (úr málningarbúð: til að greina blaðlit og blómlit), skriffæri, plöntuhandbók Harðar Kristinssonar, stækkunargler, húlahringir u.þ.b. 1 m í þvermál, tjaldhælar til að festa niður hringina, tjaldhælar með númeraspjaldi bundnu við.

(Einnig má búa til hring úr snæri og festa niður með 4 tjaldhælum eða stórum steinum; þá verður reiturinn ferningur og það er alveg jafn gott, líklega betra ef svæðið er stórgrýtt).

Kennari þarf að undirbúa þetta með því að velja svæði til skoðunar þar sem nokkur fjölbreytni er af plöntum, best er að hafa ekki of langt á milli hringja svo tíminn nýtist betur.

Framkvæmdin: Nemendum skipt í hópa, 4 í hverjum hóp. Hver hópur velur sér skrifara og umsjónarmann greiningarbókar.

Húlahringjum hefur verið dreift á jörðina og númer á spjaldi við hvern hring, spjöldin fest með tjaldhælum. Hóparnir fá númer og fara hver að sínum hring.

Fyrst er hringurinn skoðaður og nemendur meta þekju gróðurs í hringnum, hvort hann er algróinn eða að hve miklum hluta hann er gróinn. Kennari ákveður með tilliti til aldurs nemendanna hversu nákvæm sú skráning á að vera. Síðan byrja nemendur á að skrá tegundirnar sem eru í hringnum. Kennari gengur á milli og ber saman skráninguna á blaðinu og plönturnar í hringnum, til að kanna hvort sundurgreiningin /lýsingin /nafnið sé rétt. Þegar allir hóparnir eru búnir að greina plönturnar í sínum hring, (eða þegar skilgreindur tími er liðinn, t.d. 10 mín; kennari ákveður tímalengdina fyrirfram) þá færa hóparnir sig að næsta númeri við í röðinni (sá sem var með hring 1 fer á hring 2 o.s.frv. Síðasti hringurinn fer þá á hring 1).

Fyrir eldri nemendur má bæta við fleiri atriðum, t.d. latneska heitinu og ættinni. Einnig má mæla hæðina, lýsa gerð blaðanna (nállaga, rennulaga o.s.frv), blómskipan og ýmislegt fleira er hægt að skrá.

Verkefnamatið:

Hópurinn fær 2 stig fyrir rétta skráningu á grunnupplýsingum (nr. hrings, dags. o.þ.h. því nákvæmni við skráningu skiptir máli). 3 stig eru gefin fyrir rétta lýsingu á gróðurþekjunni.

Hópurinn fær 2 stig fyrir hverja plöntutegund sem finnst í hringnum (dálkur 1), 1 stig fyrir rétta lýsingu á lit blaðsins (dálkur 2) og 1 stig fyrir lit blómsins (dálkur 3) á hverri tegund fyrir sig. Síðan eru 3 stig fyrir rétt heiti á plöntunni. Að lokum fær hópurinn 1 stig fyrir hvern þátttakanda sem var virkur í vinnunni (þ.e. hópurinn græðir á því að vera samheldinn; það er ekki nóg að einhver einn vinni verkið).

Stigagjöfin má vera á ýmsa vegu; þetta er hugsað fyrir unga nemendur sem þurfa að vita fyrirfram hvaða atriði gefa þeim stig, kennari getur breytt þessu að vild. Eldri nemendur þurfa líklega ekki á stigum að halda, þeir skila bara inn skýrslu á sama hátt og með aðra verkefnavinnu.

